

Mál nr. 237/2006

M
og
Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar B
og
bifreiðarinnar A

Árekstur þegar ekið var um bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina Smáralind 06.10. 2006

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.11. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A beri meginábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Rétt sé að ökumaður B beri $\frac{1}{4}$ hluta sakar með hliðsjón af ökuhraða.

Óþarft er að geta umfjöllunar aðila máls þessa, en M gagnrýnir það sem eftir honum er haft í skýrslu lögreglu um sagðan ökuhraða.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Ökumanninum bar að veita B forgang en þessa gætti hann ekki. Þegar ekið er um bifreiðastæði verða ökumenn að gæta aukinnar aðgæslu og huga að því sem framundan er. Þessa gætti ökumaður A ekki. Skemmdir á bifreiðunum breyta ekki framanrituðu.

Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi ekið of innarlega eða of hratt miðað við aðstæður.

Niðurstaða.

A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 15. desember 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.